

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Selma Hafliðadóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík, 28. desember 2006.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 61/1997 um Nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins (279. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem kveður á um hlutverk Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Ekki verða gerðar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, heldur er ætlunin að fjalla almennt um það hvernig ráðið telur að aðkomu opinberra aðila að nýsköpun og atvinnuþróun ætti að vera háttad. Opinberir aðilar koma nú að nýsköpun og byggðapróun með beinum og sértækum hætti, einkum með fjármögnun slíkra verkefna. Ekki er lagt til í frumvarpinu að mikil breyting verði á þessari aðkomu hins opinbera þótt ýmsum formsatriðum sé breytt.

Íslensku bönkunum hefur vaxið fiskur um hrygg á síðust árum í kjölfar þess að þeir voru einkavæddir. Eru þeir vel í stakk búinir til að fjármagna ýmsa atvinnustarfsemi hérlendis. Þegar fyrirtæki leita á náðir opinberra sjóða um fjármögnun er það oftast en ekki vegna þess að bankar hafa ekki séð sér hag í að fjármagna þá starfsemi. Ástæðan er yfirleitt sú að talið hefur verið að verkefnið sé of áhættusamt í samanburði við líklega ávöxtun þess. Þegar það er raunin, er vandséð að æskilegt sé fyrir hið opinbera að fjármagna starfsemi sem aðrir hafa ekki séð sér hag í að gera. Gífurleg vanskil af lánnum Byggðastofnunar ættu því ekki að þurfa koma neinum í opna skjöldu.

Ef opinberir aðilar vilja auka nýsköpun og bæta atvinnulíf á landsbyggðinni verður það best gert með almennum aðgerðum, en ekki sértækum. Það er skoðun Viðskiptaráðs að það sé hlutverk ríkisins að skapa hér góðan jarðveg fyrir atvinnurekstur alls staðar á landinu í öllum atvinnugreinum. Slíkur jarðvegur verður best skapaður með lágum sköttum og einföldu regluverki sem er lítið íþyngjandi. Atvinnulífið hefur sýnt það í verki að það er sjálft í stakk búið til að fjármagna og styðja við bakið á nýsköpun.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið verði ekki að lögum, heldur verði þess í stað hugað að því að ríkið hætti beinni aðkomu að nýsköpun eða byggðapróun með sértækum aðgerðum.

Virðingarfyllst,

Davíð Þorláksson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs